## Tilkynning um stöðu verkefnis

Afhendist til:

- Sveitarstjóra/bæjarstjóra
- Umhverfis- og/eða skipulagsfulltrúa
- Íþrótta- og tómstundarfulltrúa
- Rekstrarfulltrúa innanbæjarvagna (ef við á)

## Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna

Með þessu bréfi vill Vegagerðin upplýsa um stöðu verkefnisins *endurskoðun á* leiðarkerfi landsbyggðarvagna.

Vegagerðin, sem ábyrgðaraðili á rekstri landsbyggðarstrætó, vinnur að endurskoðun á núverandi leiðakerfi. Markmiðið er að skoða hverja akstursleið út frá gæðum, nýtni og gagnsemi. Hluti þeirrar vinnu voru samráðsfundir sem Vegagerðin hélt með hagsmunaaðilum landsbyggðarstrætó á vormánuðum 2024. Fundina sátu starfsmenn deildar almenningssamgangna hjá Vegagerðinni, aðilar frá sveitarstjórnum, sveitarfélögum, landshlutasamtökum, framhalds- og háskólum, íþróttafélögum og akstursaðilum.

Niðurstaða samráðsfundanna skilaði eftirfarandi áskorunum sem verða leiðandi í endurhönnun á leiðarkerfinu:

| Áskorun   |   |  |
|---|---|--|
| Dagleg ferðahegðun (skóla- og<br>atvinnusókn)   | • | Tíðni ferða verði í takt við vinnu- og<br>skólasókn íbúa.  |
|   | • | Skoða möguleika á kvöldferðum milli<br>byggðarkjarna.  |
| Of langir leggir                                | • | Hluti akstursleiða ekur í gegnum<br>landsvæði með ólík þjónustustig.   |
|   | • | Óstundvísi algeng á lengri leggjum.  |
|   | • | Samkeppnissjónarmið fyrir verktaka á<br>landsbyggðinni.  |
| Landfræðilegir og<br>veðurfarslegir farartálmar | • | Lokun vega á heiðum, við fjallshlíðar,<br>öræfum og söndum.  |
|   | • | Heill akstursleggur getur fallið niður í<br>einum landshluta því hann er mitt á<br>milli tveggja veðurfarslegra tálma. |



Síða 1/3

**Vegagerðin** Suðurhraun 3 210 Garðabær

+354 522 1000 vegagerdin.is

vegagerdin @vegagerdin.is

| Íbúafjölgun í byggðarkjörnum          | <ul> <li>Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað í<br/>mörgun þéttbýliskjörnum á síðustu 10<br/>árum – og á sér enn stað.</li> <li>Ákall um að tengja byggðarkjarna<br/>saman.</li> </ul>                        |
|---------------------------------------|--|
| Ferðamenn vs. heimamenn               | <ul> <li>Hverjum þjónar leiðarnet<br/>landsbyggðarvagna? Heimafólki eða<br/>ferðafólki?</li> <li>Ferðamaðurinn er t.a.m. ástæða<br/>atvinnuuppbyggingar í fjölmörgum<br/>sveitarfélögum.</li> </ul>            |
| Kostnaður pr. farþega                 | <ul> <li>Minni akstursleiðir á landsbyggðinni<br/>eru með háan rekstrarkostnað m.v.<br/>farþegfjölda.</li> <li>Hver eru mörk um framboð þjónustu<br/>m.v. nýtingu?</li> </ul>                                  |
| Akstur innan og utan<br>sveitarfélaga | <ul> <li>Hver er stefna ríkis um akstur<br/>landsbyggðarvagna innan<br/>sveitarfélaga?</li> <li>Margar akstursleiðir aka milli<br/>þéttbýliskjarna sem eru innan sama<br/>sveitarfélags.</li> </ul>            |
| Orkuskipti                            | <ul> <li>Skilgreina og raða akstursleiðum niður eftir innleiðingarfösum.</li> <li>Uppbygging innviða fyrir orkuskipti.</li> <li>Framtíðarstefna um að innleiða orkuskipti í alla landsbyggðarvagna.</li> </ul> |

Síða 2/3

Vegagerðin

## Staða verkefnisins í dag er á þessa leið:

- → Verkfræðistofan VSÓ hefur verið ráðin til að aðstoða við endurhönnun á akstursleiðum, tillögur að framkvæmd um orkuskipti og aðkomu að útboðsgerð.
- → Ráðgjafafyrirtækið Maskína hefur fengið það verkefni að framkvæma íbúakönnun á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi. Markmiðið er að kanna afstöðu íbúa til landsbyggðarvagna.

## Tímalína næstu skrefa er eftirfarandi:

- → Upphaf nóvember: Fyrstu gögn send til Strætó bs. til uppsetningar.
- → Lok nóvember: Áætluð lok endurhönnunar á akstursleiðum. Gerð útboðsgagna hefst.
- → Mánaðarmót nóvember-desember: Kynning á fyrstu drögum send á hagaðila og óskað eftir umsögnum.
- → Mánaðarmót nóvember-desember: RFI (Request for information) upplýsingafundur með hópferðarfyrirtækjum.
- → Miður desember: Gerð útboðsgagna lokið.
- → Janúar 2024: Útboð sett í auglýsingu.

Síða ʒ/ʒ

Virðingarfyllst f.h. Vegagerðarinnar. Hulda Rós Bjarnadóttir sérfræðingur

Vegagerðin